

Garðabær, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ og Hofsstaðaskóli gera með sér svofelldan

samning:

1. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ og Hofsstaðaskóli taka Arnarneslækinn í Garðabæ í fóstur frá uppsprettu að ósi.
2. Nemendur skólanna tína rusl reglubundið meðfram lækjarbökkum og veiða rusl úr læknum. Greina og skrá rusl sem tínt er á lækjarsvæðinu. Gera tillögur um viðhald og endurbætur á læknum og nánasta umhverfi hans.
3. Garðabær og Fjölbrautaskólinn í Garðabæ gera með sér verklagsreglur vegna meiriháttar framkvæmda við lækinn, s.s. vegna vinnu, efniskostnaðar, leiðbeininga og ráðgjafar.
4. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ aflar reglulega gagna um lífríki í og við lækinn og skilar umhverfisnefnd Garðabæjar árlega skýrslu um ástand lækjarins.
5. Nemendur Hofsstaðaskóla skoða fuglalíf við lækinn með reglulegu millibili, skrá niðurstöður og taka myndir. Niðurstöðum skilað til umhverfisnefndar Garðabæjar og FG.
6. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ og Hofsstaðaskóli sjá um kynningu meðal íbúa Garðabæjar á lífríki lækjarins, uppsprettu, verkefnum til að halda læknum hreinum og leiðum til mengunarvarna.
7. Garðabær sér um gerð og uppsetningu skiltis er lýsir fóstri skólanna á læknum og leggur til bekkir meðfram læknum. Skólarnir gera áætlun hvar bekkirnir skulu standa.
8. Samningur þessi tekur gildi 1. mars 2011 og verður endurskoðaður eftir tvö ár eigi síðar en 1. mars 2013.

Garðabæ 16. febrúar 2011

Fyrir hönd Fjölbrautaskóla Garðabæjar

Fyrir hönd Hofsstaðaskóla

---

Fyrir hönd Garðabæjar

---